

HEFSTU HANDA Í BYRJUN SPANNAR



YFIR SPÖNNINA

Festu rætur í námsefninu

Ekki taka páfagaukinn á námsefnið heldur leggðu þig fram við að skilja það. Glósaðu og farðu síðan reglulega yfir glósur þínar. Skrifaðu með eigin orðum. Reyndu að tengja nýtt efni við það sem þú hefur lært áður.

Flokkaðu nýtt efni undir þemu áfangans. Útbúðu hugkort til að öðlast yfirsýn og ræddu námsefnið við aðra.



DAGINN FYRIR PRÓF

Sjáðu fyrir þér velgengni

Farðu yfir námsefnið í síðasta skiptið. Stundaðu hugrænar æfingar: Sjáðu þig fyrir þér fara inn í próf, að þú náir að svara öllum spurningunum og sýna fram á vitneskju þína. Ef þú ert að fara í gagnapróf er gott að vera búin að taka til öll leyfileg gögn. Varastu að lesa og læra langt fram eftir kvöldi. Góður svefn er mikilvægur.



BYRJAÐU STRAX

Skipuleggðu spönnina

Farðu vel yfir kennsluáætlanir. Skimaðu yfir kennslubækur og efni hvers áfanga fyrir sig, skoðaðu myndir og gröf. Þemagreindu námsefnið gróflega. Útbúðu lista yfir verkefnaskil og próf úr fögunum og merktu inn skiladaga. Merktu líka inn hvenær þú áætlar að byrja á verkefnum. Skiptu stærri verkefnum niður í búta. Ekki gleyma að taka frá tíma fyrir þig.



DAGANA FYRIR PRÓF

Efnisyfirferð og endurorðun

Skoðaðu hvaða námsefni/þemu eru til prófs. Hvernig stendurðu í hverju þema? Hvað er mikilvægast að fara yfir? Forgangsraðaðu tímanum þínum eftir mikilvægi. Taktu glósur þínar og námsefni saman á glósuspjöldum (e. flash cards), á pappír eða rafrænum. Æfðu þig að svara efninu upphátt eða láttu aðra spurja þig út úr. Passaðu upp á hreyfingu og næringu.



Á PRÓFDEGI

Slakaðu á og nærðu þig

Reyndu að forðast það að rifja upp á prófdegi. Vertu mætt/ur tímanlega á prófstað. Mundu eftir leyfilegum gögnum og skriffærum. Mundu að próf eru einugis ákveðin tæki fyrir þig til að sýna fram á þekkingu þína á einhverju efni og endurspegla stundum dagsformið þitt. Aldrei hengja sjálfsvirði þitt í útkomu á prófi. Gangi þér vel!

NEMENDAPJÓNUSTA ME

Frekari upplýsingar um próftöku má finna á menntaskolinnegs á Instagram og www.nemendathjonustame.com